

84 við höfuðstólinn þangað til hann hefir náð þeirri fjárhæð, að stjórn Slysavarna-  
18. maí félagsins telji fært að ráðast í byggingu björgunarskips. Má þá verja  $\frac{4}{5}$  hlutum sjóðsins til að styrkja byggingu slíks skips, en jafnan skal þess gætt, að  $\frac{1}{5}$  hluti sé eftir skilinn og séu allir vextir lagðir við hann þangað til hann aftur hefir náð að minnsta kosti 50000 kr.

9. gr.

Sjóðnum er heimilt að taka á móti gjöfum og fjárframlögum frá öðrum, og er það ósk og von stofnenda hans, að einstaklingar eða félög, sem unna slysavarnamálum, einkum á Norðurlandi, telji tilgang sjóðsins þess verðan að hann sé eflður með fjárframlögum, stærri eða minni, eftir vilja og getu hvers eins. Slík fjárframlög verða þó því aðeins þegin, að þau í engu breyti tilgangi og markmiði sjóðsins, innan þeirra takmarka, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

10. gr.

Ef svo færi, að Slysavarnafélag Íslands legðist niður eða yrði óstarfhæft af einhverjum ástæðum, skal bæjarstjórn Siglufjarðar taka við stjórn minningar-sjóðsins. Kæmi hún þá að öllu leyti í stað stjórnar Slysavarnafélagsins, að því er ráðstafanir yfir sjóðnum snertir, enda er hún að sjálfsögðu jafn bundin við ákvæði skipulagsskrárinnar eins og hinn fyrri stjórnandi.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

85

20. maí

## SAMÞYKKT

### um lokun sölubúða í Neskaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir í Neskaupstað skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í reglugerð þessari.

2. gr.

Sölubúðir skulu ekki opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis.

3. gr.

- A. Sölubúðum skal lokað ekki síðar en kl. 19 alla virka daga frá 1. maí til 30. september, en kl. 18 á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl, með þeim undantekningum, er síðar getur. Aðfangadag jóla og gamlárskvöld, svo og laugardag fyrir páska og hvítasunnu, skal öllum sölubúðum lokað ekki síðar en kl. 16. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 23. Ennfremur skal öllum sölubúðum lokað á laugardögum ekki síðar en kl. 13 frá 1. maí til 30. sept.
- B. Brauð- og mjólkursölubúðir mega eingöngu vera opnar sem hér segir: Alla almenna, virka daga, sem engin undantekningarákvæði eru um í þessari samþykkt, frá kl. 9 til 19. Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal á laugardögum lokað ekki síðar en kl. 16. Almenna helgidaga og aðra fridaga, sem um ræðir í 4. gr., mega búðir þessar vera opnar frá kl. 10—15. Á stórhátíðum mega búðir þessar vera opnar frá kl. 11—12 og aðfangadag jóla, gamlárskvöld og laugardag fyrir stórhátíðir skal búðum þessum lokað á sama tíma og öðrum sölubúðum.

## 4. gr.

85

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, frídag verzlunarmanna og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar nema þær, sem um getur í 3. gr. B.-lið.

## 5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, á strætum og torgum, eða annarsstaðar utan sölubúða, nema úr sjálfisölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymslúhúsum.

## 6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlunir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

## 7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykktinni skal reka sem almenn lögreglu-mál.

## 8. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi fallin samþykkt nr. 8 frá 7. febrúar 1929 og breytingar á sömu samþykkt nr. 59 26. júní 1931 og nr. 76 frá 14. júlí 1933.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir hjúkrunar- og styrktar- sjóð handa sængurkonum á Akranesi, útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkju- málaráðherra, 23. maí 1940. 86 23. maí

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjúkrunar- og styrktarsjóð handa sængurkonum á Akranesi.

## 1. gr.

Sjóðurinn nefnist: Hjúkrunar- og styrktarsjóður handa sængurkonum á Akra- nesi, og var stofnaður 28. desember 1904 með kr. 388.63, en er nú að upphæð kr. 2233.48. Aðalstofnandi sjóðsins er Guðrún Gísladóttir, ljósmóðir á Akranesi.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita fátækum sængurkonum í ljósmóðurumdæmi Akraness, eins og það er nú, styrk og hjúkrun eftir því sem nauðsyn og þörf krefur.